

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

## 2. gr.

Við 2. mgr. 54. gr. sömu laga bætist:

Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.

*Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

31. marz.

Nr. 19.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni varðar sektum, allt að 5000 krónum, er renna í bæjar- eða hreppssjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir